

# Frumvarp til laga

## um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist: sbr. þó 2. mgr.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta félög skv. 1. mgr. 1. gr. fengið heimild til að færa bókhaldsbækur í erlendum gjaldmiðli og semja og birta ársreikninga í þeim gjaldmiðli. Birti félag ársreikning sinn jafnframt í íslenskum krónum skal í skýringum geta um hvaða aðferðum er beitt við samningu ársreikningsins. Texti ársreiknings hjá félagi sem heimild hefur til færslu bókhalds og gerð ársreikninga í erlendum gjaldmiðli skal vera á íslensku, dönsku eða ensku.

- c. 3. mgr. fellur brott.

### 2. gr.

Í stað orðsins „alþjóðlegum“ í 7. tölul. 2. mgr. 29. gr. laganna kemur: settum.

### 3. gr.

Í stað tilvísunarinnar „4. mgr. 59. gr.“ í 2. mgr. 62. gr. laganna kemur: 5. mgr. 59. gr.

### 4. gr.

Í stað tilvísunarinnar „2. gr.“ í 1. mgr. 71. gr. laganna kemur: 4. tölul. 1. mgr. 1. gr.

### 5. gr.

90. gr. laganna orðast svo:

Með lögum þessum eru tekin upp ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 78/660/EBE og nr. 83/349/EBE, og breytinga á þeim nr. 2001/65/EB og 2003/51/EB, og reglugerðar nr. 2002/1606/EB að því er varðar ársreikninga félaga með takmarkaða ábyrgð og samstæðureikningskil þeirra.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinartölu, kaflanúmerum og samfelldri röð töluliða og stafliða.

*Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.*

Við undirbúning á endurútgáfu laga um ársreikninga í samræmi við 2. mgr. 75. gr. laga nr. 45/2005, um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, kom í ljós að röng málsgrein féll niður með lögum nr. 45/2005. Enn fremur kom í ljós að millivísanir milli lagagreina voru ekki að öllu leyti réttar. Frumvarp þetta er flutt til að leiðrétta framangreint áður en lög in verða endurútgefin. Jafnframt er í 5. gr. tekin upp 74. gr. laga nr. 45/2005 sem breytingartillaga við lög nr. 144/1994 til þess að það ákvæði komi inn í endurútgáfu laganna sem mælt er fyrir um að nýju í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með lögum nr. 45/2002 var 2. mgr. 11. gr. laganna felld brott í stað 3. mgr.

Um 2.–4. gr.

Í 2. gr. er orðalagsbreyting í samræmi við sams konar breytingu í lögum nr. 45/2005, en í 3. og 4. gr. er leiðrétting á millivísunum.

Um 5. gr.

Nauðsynlegt er talið að fram komi í endurútgáfu laganna tilvísun til tilskipana og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins sem ákvæði laganna byggjast á.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er gildistökuákvæði en 2. mgr. heimilar að fella megi meginmál laganna inn í lög um ársreikninga og gefa þau út svo breytt.

## Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,  
ffárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 144/1994,  
um ársreikninga, með síðari breytingum.**

Frumvarp þetta er lagt fram til leiðréttingar á fyrri breytingum á lögum um ársreikninga og til að taka upp í þau 74. gr. laga nr. 45/2005 með það fyrir augum að þessi ákvæði komi rétt fram við endurútgáfu laganna um ársreikninga. Lögfesting frumvarpsins hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.